

Fundargerð 85. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var þann 23. desember 2013, kl. 09.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Inga Sólnes,
Friðjón Einarsson,
Sigrún Árnadóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Háskólavellir

Stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. samþykktir að halda áfram samningum um fjárhagslega endurskipulagningu Háskólavalla ehf.

Jafnframt veitir stjórnin framkvæmdastjóra félagsins heimild til að hefja uppskiptingu á fasteignum dótturfélaga Háskólavalla ehf. í samræmi við samþykki Fjármálaráðuneytisins.

Með þessum ráðstöfunum telur stjórnin hagsmunum félagsins og svæðisins í heild best borgið. Sú leið að semja við núverandi eigendur og endurskipuleggja eignir og skuldir félaganna byggir í meginatriðum á aðferðafræði „beinu brautarinnar“ svokölluðu. Hún felur í sér að horft er til þess sem vel hefur tekist í verkefnum Háskólavalla og hlúð að þeim verðmætum sem skapast hafa á svæðinu í formi tekjuberandi eigna og það nýtt til áframhaldandi uppbyggingar.

3. Önnur mál

Ekkert var rætt undir önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09.45

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Árni Sigfússon
Inga Sólnes

Sigrún Árnadóttir